



## **TILLÖGUR STJÓRNAR FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF. TIL AÐALFUNDAR FÉLAGSINS ÞANN 10. MAÍ 2022**

### **1. Ársreikningur**

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði staðfestur.

### **2. Ráðstöfun hagnaðar/taps**

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa félagsins.

### **3. Þóknun til stjórnarmanna**

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að hann samþykki að þóknunir til stjórnarmanna á tímabilinu frá aðalfundi FÍ fasteignafélags slhf. til næsta aðalfundar verði sem hér segir: Stjórnarformaður fær kr. 50.000 fyrir hvern setinn fund, aðrir stjórnarmenn fá kr. 25.000 fyrir hvern setinn fund og varamenn kr. 20.000 fyrir hvern setinn fund. Þó fær stjórnarformaður aldrei hærri laun en kr. 100.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn fá aldrei hærri laun en kr. 50.000 mánaðarlega þótt stjórnarfundir verða fleiri en tveir í viðeigandi mánuði.

### **4. Þóknun til fjárfestingaráðs**

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að hann samþykki að þóknun til fjárfestingaráðs verði frá aðalfundi FÍ fasteignafélags slhf. til næsta aðalfundar sem hér segir: Formaður fjárfestingaráðs kr. 150.000 á mánuði, aðrir ráðsmenn kr. 75.000 á mánuði og varamenn kr. 50.000 fyrir hvern setinn fund. Þó fái varamenn aldrei hærri laun mánaðarlega en ráðsmenn fjárfestingaráðs.

### **5. Framboð til stjórnar**

Framboðsfrestur rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

### **6. Framboð til fjárfestingaráðs**

Kosið verður um ráðsmenn fjárfestingaráðs á aðalfundi til eins árs.

## **7. Endurskoðandi**

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrtæki félagsins og að Sigríður Helga Sveinsdóttir muni annast endurskoðunina f.h. KPMG ehf.

## **8. Starfskjarastefna**

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að starfskjarastefna félagsins, sem er að finna í viðauka 1 við þetta skjal, verði samþykkt.

Reykjavík, 8. apríl 2022

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf.

## **VIÐAUKI 1**

**STARFSKJARASTEFNA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF.**